



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Laufskálar

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
2	Innra mat deildar	5
2.1	Furulundur börn fædd 2017	5
2.2	Lerkilundur börn fædd 2018.....	8
2.3	Grenilundur börn fædd 2019 og 2020.....	11
2.4	Birkilundur börn fædd 2020 og 2021	13
3	Innra mat sérkennslu.....	15
5	Innra mat – fjöltyngd börn	16
6	Ytra mat	17
7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
8	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
9	Foreldrasamvinna.....	20
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
11	Fylgigögn.....	22
11.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	23



Laufskálar hófu sinn tíunda vetur þar sem leiklist var í hávegum höfð í námi barnanna. Leiklist er komin til að vera í námskrá Laufskála og ánægjulegt að segja frá því að kennarar og aðrir skólar vilja kynna sér aðferðir okkar í uppeldi og kennslu. Leikskólastjórnendur fluttu fyrirlestur um leiklist í leikskólastarfi á ráðstefnu um skólastarf og minni kynningar á nokkrum stöðum. Jafnvel þó þetta verkefni sé nú fast í sessi eru alltaf tækifæri til að breyta og bæta. Liður í því er að gera leiklist fyrir börn meira áberandi. Starfsfólk leikskólans hefur alltaf verið fyrirmyndir og td setja upp sýningu árlega þegar haldið er uppá afmæli leikskólans, hingað komu namar í leiklist í heimsókn með leiklistarsýningu og foreldrar barnanna leggja sitt af mörkum á sumarhátíð leikskólans.

Í mars urðu breytingar í stjórnendateymi leikskólans þegar Hildur L. Jónsdóttir leikskólastjóri tók við starfi Fagstjóra leikskóla í Austurmiðstöð og Guðrún Rut Bjartmarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri tók við starfinu. Breytingin er til að byrja með tímabundin í 1 ár. Guðrún Rut er alvön að stýra Laufskálum vegna fyrri verkefna af þessu tagi 😊

Starfsmannavelta var mikil áskorun síðastliðið skólaár og skortur á starfsfólki í hámarki í nóv til mars. Gripið var til ákaflega leiðinlegrar leiðar við að skerða þjónustu og foreldrum gert að hafa börn sín heima einn dag í viku í jan og febrúar. Samstarf við foreldra í þessu verkefni var frábært en mikil léttir þegar tókst að aflétta og lengja vistunartíma barnanna aftur.

Bæði foreldrar og starfsfólk hafa lýst yfir ánægju sinni með að loksins er hafin vinna við endurbætur á útisvæðinu við leikskólann. Endurbæturnar snúa að einum hluta af garðinum og verða vonandi lokið í sumar. Öllum er umhugað um húsnæði leikskólans og frábært að fá nýja þakglugga sem vondi halda vatni og vindum.

Í vor útskrifuðust tveir af starfsmannahópnum okkar úr námi þær Sandra Ósk Valdimarsdóttir sem leikskólakennari og Fanney Lára Helgadóttir sem þroskaþjálfari 😊

Til gamans eru hér örfá orð um styttingu vinnuvikunnar. Í leikskólanum hefur veið sátt um það að prufa í 6 mánuði í senn hinar ýmsu útfærslur. Vorönn 2023 hefur farið í að skipuleggja skólastarfið þannig að verkefni sem þola færri kennara í ákveðin tíma voru færð yfir á föstudaga og starfsmenn sem vinna 100 % vinnu fara í styttingu annan hvern föstudag. Það er ekki komið að endurmati á þessu fyrirkomulagi en hingað til hefur þetta gengið vel. Fjórir dagar vikunnar þar sem flest allt starfsfólk er í húsi er frábær leið til að ná að uppfylla kröfur um gæða leikskólastarf án þess að það halli á fimmta daginn sem er skipulagður eins og áður sagði öðrum verkefnum eins og flæði, útiveru og deildarsamvinnu. Auðvitað eru áskoranir við þetta eins og aðrar útfærslur en klárlega heyrst mest um ánægju varðandi þessa útfærslu umfram aðrar.



1 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Foreldraviðtöl	Spurningalistar, umræður sem eru skráðar niður.	Stjórnendateymi leikskólans. Ekki þótti við hæfi að bjóða foreldrum að taka þátt í þessu mati þar sem nokkuð stór hópur þeirra byrjaði í covid með börnin sín í leikskóla og að engin breytinga var á fjölda viðtala eða aðgengi foreldra að starfsfólki.	Áætlað var að matið tæki tvö ár og ljóst eftir fyrra árið að það var rétt áætlað. Árið fór í að prufukeyra tímasetningar og hvort dreifing viðtala hafi létt álag. Án þess að matinu sé lokið virðast mjög ólíkar skoðanir á breyttu fyrirkomulagi jafnvel lengja verkefnið. Spurningalistar vegna breytinga voru útbúnir og verða lagðir fyrir í júní 2023, janúar 2024 og júní 2024.
Framvinduskýrsla	Mat frá mentamálastofn un síðan 2020	Allir starfsman	



2 Innra mat deildar

2.1 Furulundur börn fædd 2017

Matsþáttur Hvað skal meta?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær og hvað lengi?	Hvernig metum við hvernig gekk	Miðannarmat unnið janúar 2023	Vorannarmat unnið maí 2023
<p>Félagsfærni</p> <p>Virðing, vinátta, tilfinningar og samkennd. Nærumhverfi og vettvangsferðir. Heimsóknir í Rimaskóla. Agastefna.</p>	<p>Áhersla lögð á virðingu bæði barna á milli en einnig að hálfu kennara. Til þess notum við agastefnuna í samskiptum okkar við börnin. Börnin vakn til umhugsunar um tilfinningar annarra og þau hvött til samkenndar með samnemendum sínum. Áhersla lögð á ólíkar vettvangsferðir og börnin þannig kynnt fyrir nærumhverfi sínu.</p>	<p>Áhersla á virðingu og vinátta sept – nóv. Áhersla á vettvangsferðir allt skólaárið. Samvinna við nágrannaskólana á vorönn.</p>	<p>Að börnin sýni félögum sínum virðingu og virði tilfinningar og rými samnemenda sinna. Skráning á vettvangsferðum, bæði í myndum og máli. Mappa verði aðgengileg fyrir börn og foreldra.</p>	<p>Áhersla á virðingu var rauði þráðurinn í starfi deildarinnar á haustmánuðum. Við æfðum börnin í að skiptast á í frásögn og ræddum um tilfinningar. Sögur lesnar og börnin hvött til umhugsunar um það líðan sögupersóna við ólík tilefni. Börnin frædd um einelti og hvernig má sporna við því. Reglulegar vettvangsferðir voru á haustönn m.a á námskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur, tónleika í Hörpu og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.</p>	<p>Áherslan á virðingu varð til þess að börnin urðu meðvitaðri um að gefa samnemendum sínum rými og urðu færari í að taka tillit til þarfa annarra. Þau voru alveg með það á hreinu hvernig ætti að haga sér í ólíkum aðstæðum þó að minni þeirra væri vissulega einstaklingsbundið þegar á hólminn var komið og þá gleymdist það sem áður hafði verið rætt. Við vorum til staðar og aðstoðuðum við að leysa ágreiningsefni og oftast en ekki náðu þau að leysa málin sjálf með litlu inngripi kennara. Það bar minna á stríðni á deildinni en þegar eitthvað bjátaði á voru börnin hvött að líta inná við og setja sig í spor þess sem átti í hlut og hvernig þeim myndi sjálfum líða í sömu aðstæðum. Á vorönn voru heimsóknir í Rimaskóla tíðari. Samstarfið gekk vel og börnin urðu öll kunnug og öruggari í umhverfinu í Rimaskóla. Myndaskráning frá ferðum var mestmegnis í appi.</p>
<p>Sjálfsþing, valdefling og lýðræði</p> <p>Matmálistímar, salernisferðir og fatakefi. Þjónar. Sýna og sjá. Skipulagðir leiklistartímar.</p>	<p>Að auka sjálfstæði barnanna og þau hvött í að gera flesta hluti sjálf.</p>	<p>Allt skólaárið. Framkomuæfingar á vorönn.</p>	<p>Að börnin séu sjálfstæð og þurfi sjaldan aðstoð í einföldum daglegum verkefnum. Matslisti útbúinn til þess að sjá hvar börnin</p>	<p>Börnin voru hvött áfram til að klæða sig sjálf og sýndu þar töliverðar framfarir. Matslisti var fylltur út þar sem geta barnanna var skráð. Áætlað að skrá getu barnanna aftur í vor. Sýna og sjá komst ekki alveg upp í rútinu en</p>	<p>Þjónaskipulag gekk vel. Börnin voru áhugasöm og biðu spennt eftir því að röðin kæmu að þeim að vera þjónar. Þjónaskipulag vikunnar var sýnilegt svo börnin voru meðvituð um hverjir yrðu þjónar í hverri viku og þurftu þá síður að spyrja hvenær röðin kæmi að þeim. Samkvæmt matslistum sýndu öll börnin framfarir í sjálfshjálp.</p>



			standa að hausti og svo aftur að vori .	von er um að það gangi betur á vorönn og er það komið inn í dagskipulag starfsmanna. Áætlað að taka upp þjónaskipulag á vorönn í samstarfi við Lerkilund í mars.	Sýna og sjá gekk betur þar sem skipulagið var inn í verkaskiptingu kennara sem varð til þess að það gleymdist síður að senda töskuna með heim.
Læsi Lubbi finnur málbein Hljóm-2	Áhersla lögð á hlustun sagna og lengri bóka. Stoppað reglulega og börnin spurð hvað er að gerast í sögunni. Æfa hljóðkerfisvitun d. Áhersla lögð á frásagnir og hlustun.	Allt skólaárið. Fyrirlögn Hljóm-2 í okt/nóv. Endurtekið á vorönn ef þarf.	Hljóm-2.	Hljóm-2 var lagt fyrir öll börnin á haustönn. Ólík verkefni voru lögð fyrir börnin í hópastarfstímum s.s. æfingar í hljóðkerfivitund, samsettum orðum og rími. Lengri sögur voru lesnar en við fundum að börnin höfðu ekki alveg úthald í þær. Prufuðum aftur í janúar og úthaldið var strax mun betra. Hlustuðum mikið á hljóðbækur.	Lestur lengri bóka gekk vel. Börnin gátu hlustað lengur og nutu þess að fylgjast með söguþræðinum. Á vorönn hófst vinna með Lubbahljóðin í nýju verkefni á deildinni. Eitt hljóð var tekið fyrir í einu og börnin komu sjálf með hugmyndir af orðum, hlutum, nöfnum, stöðum og öllu sem byrjar á hljóðinu. Blað var útbúið fyrir hvert hljóð og hengt upp á deildinni. Þau voru lengi á eftir að muna eftir orðum sem hefðu getað farið á hvert blað og þau voru mikið að skoða blöðin sem voru í þeirra hæð uppá vegg. Verkefnið vakti aukinn áhuga hjá börnunum á Lubba og viðhélt þeirri færni sem þau höfðu áður lært þegar fyrirlögn lubbahljóða átti sér stað. Leikir með Lubbahljóð voru einnig útfærðir og skráðir með myndaskráningum fyrir aðra hópa til þess að nota, njóta og þróa áfram.
Sköpun og hugmyndaáriki Námskrá og þemaverkefni. Myndlistarskóli	Börnin hvött til hugmyndaáriki og hugmyndavinna þeirra studd. Grunnur af öllum verkefnum á að koma frá börnunum	Allt skólaárið.	Börnin verða spurð hvað þau vilja læra í leikskólanum í vetur og verkefni ákveðin út frá hugmyndum barnanna.	Öll börn voru spurð hvað þau vildu læra í leikskólanum í vetur. Allskonar hugmyndir komu fram. Þegar viðfangsefni var tekið fyrir fengu börnin sjálf að koma með hugmyndir að útfærslum og hvað	Eftir áramót héldum við áfram að vinna með hugmyndir barnanna. Við unnum verkefni um ofurhetjur þar sem öll börnin bjuggu til sína eigin ofurhetju og völdu sjálf hvaða ofurkrafta hún ætti að hafa. Eftir páska hófst vinna við að undirbúa útskrif. Börnin fengu sjálf að ráða hvaða verkefnum þau tækju þátt í. Börnin höfðu frjalsar



<p>sjálfum. Börnin æfð í að koma hugmyndum sínum á framfæri og hvernig er hægt að koma þeim í framkvæmd.</p>			<p>Hugarkort gerð í upphafi hvers verkefnis þar sem vitneskja barnanna á viðfangsefninu kemur fram, hvaða þekkingu þau vilja bæta við sig og hvernig sú þekkingarleit á að fara fram. Það sem kemur frá börnunum verður skrifað með öðrum lit en það sem kemur frá kennurum og hugarkortin svo börnin saman í vor.</p>	<p>Þau vildu gera í tengslum við það. Út frá hugmyndum barnanna buðum við á kvikmyndasýningu en hver hópur bjó til sitt eigið myndband þar sem ákvörðunarvald um það hvað átti að vera í myndbandinu var alfarið í höndum barnanna sjálfra.</p>	<p>hendur hvað varðar leikritasmíð og kennarar studdu við hugmyndavinnu þeirra. Þau völdu sér búninga og útfærðu leikmynd og leikmuni.</p> <p>Í tengslum við útskriftina var einnig unnið að verkefni sem við kölluðum: „Draumar geta ræst“ en þá voru börnin spurð hvað þau vildu verða þegar þau yrðu fullorðin. Sumir voru alveg vissir en aðrir fengu lengri tíma til að hugsa. Draumastörfin voru ólík. Með aðstoð „green screen“ tækninnar var svo mynd útbúin að hverjum og einum í sínu draumastarfi. Myndirnar voru frumsýndar á útskrift barnanna. Samstarf við Myndlistarskóla Reykjavíkur var á haustönn. Samstarfið gekk vel og börnin lærðu mikið. Þau lærðu t.d. að blanda liti sjálf, búa til hús og unnu svo í sameiningu að því að skapa heilt hverfi með gatnakerfi og grænum svæðum.</p>
--	--	--	--	---	--



2.2 Lerkilundur börn fædd 2018

Matsþáttur Hvað skal meta?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær og hvað lengi?	Hvernig metum við hvernig gekk	Miðannarmat	Vorannarmat
Félagsfærni Vinátta, tilfinningar og samkennd. Nærumhverfi	Vinátтуverkefni, hvað felst í því að vera vinur, rætt um tilfinningar og hvernig hægt er að vinna úr þeim, hvatt til samkenndar, umhyggju og virðingar.	Allt skólaárið.	Að börnin sýni félögum sínum virðingu, hafi lært og noti orð til að tjá tilfinningar sínar og myndað vinátтусambönd. Að vori skoðum við vinátтусambönd barnanna og bregðumst við á viðeigandi hátt.	Vinátta þema byrjaði Janúar og verður lögð áhersla á vinátta. Hugarkort var gert.	Í vor vorum við með hópaverkefni þar sem börnin áttu að vinna saman reglulega yfir önnina. Við ætlum að bæta okkur í skráningum á samskiptum barnanna/kennara. Við ætlum einnig að bæta okkur í að innleiða tilfinningar og tilfinningastjórnun í daglegt starf. Cynthia ætlar að taka ábyrgð á myndaskráningum á samskiptum barnanna. Á deildarfundum ræðum við vinátta barnanna en það vantar upp á skráningu
Sjálfsþing, valdefling Matmálistímar, fataklefi. Sýna og sjá.	Hvatning til að gera í auknum mæli sjálf, hvatning til að smakka allan mat og þekkja sitt magamál. Hvatning í fataklefa. Þjónar dagsins aðstoða við að leggja á borð og fá að halda morgunfund. Öll börn fara heim með Sýna og sjá töskuna	Allt skólaárið.	Metið með matslista, krossað í hjá hverju barni hvort það klæði sig sjálft í, hvort það smyrji sjálft og svo framvegis. Metið að hausti og svo aftur að vori	Í mati í nóvember var skoðuð sjálfshjálp barna í matsal og fataklefa. Notaður var matslisti þar sem krossað var við getu hvers og eins barns í nokkrum floknum. Matið sýndi að 20 af 22 börnum gátu ekki rennt upp sjálf. Ákvörðun var tekin um að breyta hvernig þau eru aðstoðuð í fataklefa. Þegar þau biðja um aðstoð er svarað „prófaðu einu sinni sjálf/ur fyrst“ svo er aðstoðað. Það hafa strax orðið framfarir í að renna sjálf upp og þetta verður skoðað	Matslistinn var of nákvæmur og illa kynntur fyrir starfsfólki deildarinnar. Ekki var seinni hluti fylltur út. Við sjáum framfarir hjá börnunum í að gera sjálf bæði í fataklefa og matsal. Þau biðja síður um aðstoð og prófa yfirleitt sjálf fyrst. Það gekk vel að innleiða hjá starfsfólki að segja börnunum að prófa sjáum fyrst. Öll börn hafa farið með sýna og sjá töskuna heim 2x þennan veturinn og hefur gengið vel. Við höfum nýtt þemu og morgunfundi í að fá hugmyndir frá börnunum og reynum að framkvæma



				aftur í vor. Kennarar deildarinnar ætla að heimfæra þessar upplýsingar yfir á aðra hluti fataklefans Matið sýndi einnig að um helmingur barnanna smyr ekki sjálft brauð/kex. Tekin var ákvörðum um að breyta hvernig þau eru aðstoðuð að smyrja. Þegar þau biðja um aðstoð biðjum við þau um að prófa fyrst sjálf. Síðan er aðstoðað með því að stýra höndum þeirra að smyrja.	það sem þeim dettur í hug, ef það er gerlegt.
Læsi Sjónrænt skipulag Lubbi finnur málbein	Dagskipulag og annað skipulag s.s. hópaskipting og skipting í leiklist sjónræn og sýnileg. Lubbastundir þar sem unnið verður að flóknari verkefnum og námsefnið dýpkað. Unnið með rím og hljóðkerfisvitund. Sögur lesnar og lögð áhersla á að auka orðaforða	Allt skólaárið.	Að börnin nýti sér sjónrænt skipulag sér til glöggvunar og séu meðvituð um það sem á sér stað dag frá degi. Að börnin þekki lubbahljóðin og löggin. Gert með matslista Að börnin kunni undirstöðuatriði í rími og kunni að klappa atkvæði. Mælt í nóv og apríl.	læsi barna var metin með sama sniði, krossað við færni hvers og eins á matslista. Flokkarnir voru rím, atkvæði og samsett orð. Rúmlega helmingur barnanna er farinn að klappa atkvæði en mjög fá eru farin að bull-ríma. Lögð verður áhersla á að klappa atkvæði og ríma í samverustundum og morgunfundum. Verður svo metið aftur í vor. Færni barna í Lubba átti að vera metin með lista en var ekki gert nema við hluta hópsins.	Læsi barna átti að vera metið aftur í apríl með matslista, var það ekki. Við sjáum þó framfarir í að klappa atkvæði. Við klöppum atkvæði á morgunfundi reglulega. Flest börn deildarinnar kunna að klappa atkvæðin og við erum með „skólaverkefni“ í boði í hillu og frjálsum leik þar sem hljóðkerfisvitund barna er þjálfuð. Við viljum bæta Lubba meira inn í daglegt starf eins og hann var fyrir áramót. Við erum með orð og tákni sýnileg á hlutum inni á deild. Börnin bjóða hvor öðru í mat með beinum, þar sem standa nöfn þeirra og tákni. Við ætlum að lesa meira bækur í skipulögðum stundum.
Sköpun og hugmyndaáriki Þemaverkefni.	Þemu ákveðin sem á að vinna eftir sem og tímalengd. Áhugahvöt barnanna nýtt en	Allt skólaárið.	Að börnin hafi bætt við þekkingu sína um viðfangsefni og tileinki sér þau	Það gekk vel að sinna þemaverkefnum á haustönn. Eftir bátaviku var gerð myndaskráning.	Sköpun og hugmyndaáriki hefur gengið vel. Þemu voru ákveðin út frá því sem börnin vildu læra. Við höfum lagt meira í hugarkortin, myndaskráningar og verksmiðjur í lok hvers



	einnig hugmyndir barnanna sjálfra.		vinnubrögð sem felast í þematengdri vinnu. Gert með hugarkorti í byrjun þemaverkefnis og skoðað hvaða þekking bætist við í lok hvers þema. kemur frá kennurum og hugarkortin svarað borin saman í vor. Myndaskráning er einnig gerð þegar við á.	þema. Í verksmíðjum fá börnin val um efnivið og skapa það sem þau langar. Bátapema, Dýrapema, Bílapema, Umhverfisþema, Vináttuþema.
--	------------------------------------	--	--	---



2.3 Grenilundur börn fædd 2019 og 2020

Matspáttur Hvað skal meta?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær og hvað lengi?	Hvernig metum við hvernig gekk	Miðannarmat	Vorannarmat
Sjálfs hjálp	Gefa börnunum tíma og rými til þess að æfa sig að klæða sig í sjálf.	sept – desember Janúar - apríl	Að börnin geti klætt sig í pollabuxur/kulda galla sjálf. Að börnin sýni viðleitni að reyna að klæða sig að einhverju leyti sjálf. Skráning gerð í nóv og apríl.	Það hefur gengið vel að fá börnin til að klæða sig sjálf Flest börnin eru farin að sýna sjálfstæði að einhverju marki við að klæðast í útiföt. Áætlun fyrir vormisseri Fara með minni hópa inni fataklefa og gefa þeim tíma og rými til að klæða sig sjálf. Í fataklefanum munum við halda áfram að hvetja, aðstoða og kenna börnum að klæða sig í viðeigandi fatnað.	Skráningin sýndi að öll börnin á deildinni tóku framfarir í að klæða sig sjálf og voru jákvæð fyrir því að reyna fyrst og fá svo aðstoð. Markmiðið sem sett var í upphafi hefur verið náð. Höldum þó áfram að hvetja, aðstoða og kenna.
Tjáning	Kennarar gera skráningar á þátttöku barna í hópastarfi og „sýna og sjá“ samverustundum.	September - apríl	Notast verður við <i>Tras lista</i> til að staðsetja mál- og félagsþroska barna. Einnig verður tekið EFI-2 málþroskaskimun á öllum börnunum. Skráning verður einnig gerð í sýna og sjá hjá börnunum.	Þar sem deildinni hefur fylgt mikil mannekla var ekki hægt að gera markvissa skráningu á hópastarfinu. Það gekk vel að gera myndrænar skráningar út frá sýna og sjá stundunum. Tekið var EFI-2 próf á öllum 2019 börnunum sem eru inná deild. Tekið verður EFI-2 próf á 2020 börnunum í apríl/maí. Tras er ekki lokið. Áætlun fyrir vormisseri Ætla að skerpa á skráningu í hópastarfi, búið var til auðveldari matsblað fyrir hvern hóp svo við fáum betri mynd af því hvernig þátttaka barna sé og hvort eitthvað barn þurfi meiri aðstoð frá okkur. Klára EFI-2 á öllum börnunum. Halda áfram að klára Tras á börnunum til að fá skýrari mynd	Skráningin í hópastarfi gekk vel fyrir sig. EFI-2 gerði okkur auðveldari fyrir að átta okkur á hvaða börn þurftu aukna aðstoð frá okkur og meiri eftirfylgni. Náðum að gera allar skráningarnar í sýna og sjá stundunum og sýndu þær okkur það að börnunum er að fara fram að standa og tjá sig fyrir framan hóp. Tras er í vinnslu hjá okkur.



				hvar þau séu stödd í mál- og félagsþroskanum.	
Samskipti	Eigum innihaldsrík samskipti við barn í leik.	Allt árið	<i>Gefðu mér 10.</i> Skráningar á samræðum og samskiptum barna.	Í byrjun annar fórum við vel af stað með skráningu á <i>Gefðu 10</i> . Við vorum dugleg að tala um þau börn sem þurftu meiri samskipti á deildarfundum og settum þau í spilahópa. Færni starfsfólksins óx og var því minni þörf á skráningu. Áætlun fyrir vormisseri Skráning er nauðsynleg, því ætlum við að taka upp skráningarblöð aftur og velja 4 börn hverju sinni sem unnið er sérstaklega með.	Það sama gerðist í byrjun þessarar annar, við byrjuðum vel á skráningunum en þegar leið á önnuna dattu skráningarnar upp fyrir sig. Við sáum breytingar á þeim börnum sem voru á skráningarblöðunum okkar til góðs. Mörg voru farin að tjá sig meira og leita til okkar.
Hópastarf	Börnunum skipt upp í fjóra hópa, hver hópur fer í hópastarf tvisvar í viku.	Október – apríl	Kennari í hópastarfi skráir þátttöku barna í hópastarfi	Ekki gekk nægjanlega vel að halda út markvissri skráningu, þar sem hópastarf féll oft niður sökum manneklu. Áætlun fyrir vormissi Hópastarf hefur gengið mjög vel frá áramótum, Bjuggum til auðveldari matsblað til að fylla út.	Hópastarfið hefur gengið mjög vel, þurftum nokkrum sinnum að hafa 3x hópa í staðinn fyrir 4x hópa sökum manneklu. En passað var upp á að hópastarfið myndi halda sér. Matsblaðið staðfesti það sem við vissum út frá Efi-2, hvaða börn ættu erfitt með að hlusta á sögu og fylgja eftir fyrirætlunum.
Læsi	Verkefnið <i>Lubbi</i> finnur málbein.	Október – desember Janúar – apríl	Að börnin þekki sitt hljóð. Að börnin séu virk í verkefnavinnu með kennara. Skráning gerð í nóv og apríl.	Verkefnið <i>Lubbi finnur málbein</i> Fór vel af stað en dvínaði þegar leið á önnuna. Börnin kunna öll sitt hljóð og eru mörg farin að tengja hljóðin við umhverfið sitt. Áætlun fyrir vormissi Við stefnum að því að vinna áfram með nýtt hljóð í hverri viku í samverustund, einnig ætlum við að halda áfram að vera dugleg að ræða hljóðin á morgunfundi, hópastarfi og í leik.	Flest börn á deildinni lærðu sitt stafahljóð og yfirferð hljóða gekk vel. Börnin sýna stöfum áhuga í daglegu starfi. Því má segja að markmiði vetrarins hafi verið náð. Höldum áfram að hafa stafi sýnilega inná deildinni.



2.4 Birkilundur börn fædd 2020 og 2021

Matsþáttur Hvað skal meta?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær og hvað lengi?	Hvernig metum við hvernig gekk	Miðannarmat	Vorannarmat
Sjálfsþjálfing Og sjálfsefning	Hvatning til að gera í auknum mæli sjálf. Gefa börnunum tíma og rými til þess að æfa sig að klæða sig í fót sjálf, borða sjálf og ganga frá leikföngum sínum.	Allan veturinn	Að kennarar séu alltaf til staðar fyrir börnin til að hjálpa. Að börnin séu sjálfstæð og þurfi sjaldnar aðstoð í daglegum verkefnum. Að börnin sýni jákvæða viðleitni að reyna að klæða sig að einhverju leyti sjálf, skráð verður 3x yfir árið virkni í fataklefa.	Áhersla lögð á aukið sjálfstæði, sérstaklega í fataklefa og gekk það vel. Þau voru hvött til að reyna sjálf fyrst og biðja síðan um aðstoð ef þess þurfti. Langtím flest börnin eru farin að sýna sjálfstæði að einhverju marki við að klæðast í útiföt. Höldum áfram að hvetja, aðstoða og kenna börnunum að klæða sig í viðeigandi fatnað. Notaður var matslisti þar sem krossað var við getu hvers og eins barns.	Öll börn á deildinni tóku miklar framfarir í sjálfshjálp í fataklefa og öll börn sýndu mikla jákvæða viðleitni í að reyna sjálf. Markmiðið sem sett var í upphafi hefur verið náð. Höldum þó áfram að hvetja, aðstoða og kenna.
Tjáning og tjáning	Eigum innihaldsrík samskipti við barn í leik, við matarborð, fataklefa, í útiveru og þegar verið er að skipta á þeim. Öll börn fara heim með sýna og sjá töskuna.	Allan veturinn	Að börnin taki þátt í samskiptum við félagi sína og kennara. Kennari í hópastarfi skráir þátttöku barna í hópastarfi.	Hópastarfi hefur gengið vel og höldum við áfram að vinna með spilastundir. Skráning á þátttöku barnanna gekk nokkuð vel. Starfsfólk deildarinnar þarf að taka samtalið hvernig við metum þátttökuna þar sem eitthvað misræmi var í skráningu.	Sökum manneklu gekk misvel að halda spilahópunum við. Við nýttum þau tækifæri sem að gáfust til að spila. Við náðum því miður ekki að gera skráningu nægjanlega skipulagða og var matið því meira huglægt. Höldum áfram að grípa þau tækifæri sem gefast til að spila og höfum spilað aðgengileg fyrir börnin.
Félagsfærni	Eigum innihaldsrík samskipti við barn í leik, við matarborð, fataklefa, í útiveru og þegar verið er að skipta á þeim. Öll	Allan veturinn	Að kennarar séu alltaf til staðar í leiknum og geta þannig fylgst með, tekið þátt, komið með kveikjur og	Áhersla var lögð á að kennarar væru til staðar í leik barnanna svo hægt væri að vinna úr ágreiningi ef upp kæmi og börnunum markvisst kennt að nota orð	Kennarar voru til staðar bæði í leik og öðrum athöfnum dagsins. Börnin hafa aukið við færni sína við að leysa úr



	börn fara heim með sýna og sjá töskuna.		gripið inn í ef þess þarf. Vera á gólfinu og skipta börnunum upp í smærri hópa. Að börnin sýni félögum sínum virðingu, læri að nota orð til að tjá tilfinningar og myndi vináttusambönd. Skráning verður í video formi að hausti og vori þar sem lögð verður áhersla á orðaforða.	til að tjá tilfinningar sínar. Langflestum börnunum gengur betur að tjá sig þegar eitthvað bjátar á. Skráning náðist því miður ekki.	ágreiningi sín á milli og eru að læra að nota orðin sín. Markmiði vetrarins var náð. Skráning náðist því miður ekki heldur á vorönn.
Læsi	Verkefnið Lubbi finnur málbein. Sjónrænt skipulag - Dagskipulag og annað skipulag s.s. hópaskipting og skipting í samverustund sjónræn og sýnileg	Allan veturinn	Að börnin nýti sér sjónrænt skipulag sér til glöggvunar og séu meðvituð um það sem á sér stað dag frá degi. Að börnin kannist við lubba hljóðin og lögin. Að börnin þekki sitt hljóð. Skráum 3x yfir árið öll hljóð sem barnið þekkir.	Verkefnið Lubbi finnur málbein hefur gengið vonum fram og áhugi barna og þátttaka verið mjög góð. Við stefnum að því að vinna áfram með nýtt hljóð í hverri viku, einnig ætlum við að vera duglegri að nota hljóðin í samveru og leik. Langtum flest börnin þekkja sinn staf og þó nokkur þekkja fleiri stafi. Notaður var matslisti þar skráð var niður þá stafi sem hvert barn þekkir.	Flest börn á deildinni lærðu sitt stafahljóð og yfirferð hljóða gekk vonum fram. Börnin sýna stöfum áhuga í daglegu starfi. Markmiði vetrarins var náð. Höldum áfram að hafa stafi sýnilega.



3 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Veturinn 2022-2023 breyttum við aðeins stefnu sérkennslu. Við færðum þann hluta sem snýr að leikþjálfun og félagslegum samskiptum meira inn á deildir. Í vetur höfum við verið með tvö börn sem hafa hlotið mikla einstaklingskennslu og er haldið vel utan um öll sérkennslubörn með reglulegum teymisfundum þar sem foreldrar, sérkennslustjóri, sérkennari og ráðgjafar sitja. Þar er farið yfir stöðu barns, framfarir, framhald og fl. Þar sem við á voru notaðar skráningar atferlisþjálfunar, tíðnisráningar varðandi hegðun og færnisráningar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Hljóm 2 var lagt fyrir elsta árgang. Aeps og Tras er lagt fyrir flest sérkennslubörn og einnig er stuðst vuð fleiri matsgögn eftir þörfum ss. Efi2, íslenska þroskalistann, smábarnalistann, orðaskil og fleira.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Tras	Skoða hvenær og hvort Tras sé tekið á öllum börnum	Sérkennslu- stjóri fundi með deildarstjórum einu sinni á önn.	Sérkennslu- stjóri	Haust 2023	Vorið 2024	Metið á fundi með deildarstjóra á vorönn.	Að Tras skili betri gæðum og markvissari vinnu sem matstæki.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni hefur verið ráðstafað í laun sérkennara og starfsmanna sem og námsgögn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Allar deildir nota Gefðu 10. Í vetur hafa börnin verið í fámennari sögu-og spilastundum, nokkur börn hafa fengið einstaklingsþjálfun.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Við reynum að vera meðvituð um að byggja ofan á þann orðaforða sem börnin hafa og auka málskilning þeirra. Bækur og spil eru valdar með tilliti til stöðu barnsins.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við metum stöðu barna með listum eins og Einn leikskóli mörg tungumál, orðaskil, Efi-2, Tras og Hljóm-2.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Eins og með öll börn reynum við að mæta því þar sem þau eru stödd hverju sinni með alla þroska þætti og styrkleika í huga.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfniramma á íslensku frá Menntamálstofnun.	Innleiða listann til deildarstjóra	Stjórnendafundir.	Sérkennslu-stjóri	Haust 2022	Janúar 2024	Umræður og eftirfylgni sérkennslu-stjóra.	Að allir þekki listann og séu byrjaðir að nota hann sem matstæki.



6 Ytra mat

Foreldrakönnun

Könnun var lögð fyrir foreldra í lok apríl þar sem við komum yfir meðallagi en við fengum 4,68 í heildaránægju skólans en meðaltalið yfir borgina var 4,50. Þeir þættir sem við þurfum að taka til endurskoðunar og endurmeta næsta vetur eru þættir sem snúa að foreldrasamvinnu og aðbúnaði barnanna, við erum yfir meðaltali en meðaltalið er lágt. Við viljum bæta okkur í þáttunum um að foreldrar fái upplýsingar um stöðu barna sinna og fái að taka þátt í að meta stöðu þeirra. Einnig vilja foreldrar taka meiri þátt í að koma með tillögur og hugmyndir af starfinu.

Við komum ekki nógu vel út í þættinum um aðbúnað barna í leikskólanum og viljum við trúa því að þar eigi garðurinn stóran part. En undanfarinn ár hafa foreldrar verið duglegir að láta bæði okkur og borgaryfirvöld vita af óánægju af garðinum. Kemur það líka í ljós í athugasemdum í lokinn þar sem fram koma nokkrar athugasemdir um lélegt útisvæði. En við teljum þó mikilvægt að skoða þennan þátt með það í huga að skoða aðbúnað barnanna út frá fleiri þáttum og munum við því setja það í mat næsta skólaárs.

Í athugasemdum fengum við þó líka hrós fyrir leikskólastarfið, gott viðmót starfsfólks og ekki síst matinn okkar sem er eldaður á staðnum.

Umbótaáætlun fyrir 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Foreldra-samvinna	Að foreldrar upplifi að þeir taki þátt í að meta börnin sín í samvinnu við deildastjóra	Foreldraviðtö	Deilda-stjórar og leikskóla-stjóri	Haust 2023	Vor 2024	Búið verður til ný umgjörð um foreldraviðtöl þar sem þessi þáttur verður settur inn í.	Að við hækku m okkur í könnun næsta árs.
Foreldra-samvinna	Að foreldrar upplifi að þeir fái tækifæri á að koma með	Foreldraviðtö og tölvupóstar til foreldrar	Deilda-stjórar og leikskóla-stjóri	Haust 2023	Vor 2024	Þetta verður sett inn í foreldraviðtöl og foreldrar fái	Að við hækku m okkur í



	hugmyndir að starfinu.					senda pósta þar sem við leitum að hugmyndum.	könnun næsta árs.
Aðbúnaður barna	Að fara yfir aðbúnað barna í leikskólanum.	Skoða leikskólann út frá	Leikskóla- stjóri	Haust 2023	Vor 2023	Fá að skoða aðra skóla fara yfir hvernig aðbúnaður barna á að vera.	



Ytra mat

Menntamálastofnun

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
	Menntamálastofnun	Allir starfsmenn	Framvinduskýrsla í viðhengi

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Við tókum þátt í þróunarverkefni Austurmiðstöðvar um mat í skólastarfi. Eftir það höfum við verið að skoða matið hjá okkur og sjáum við fram á breytingar þar. Við ætlum að setja upp matsteymi og gera á næsta skólaári matsáætlun fyrir árið á eftir þar sem við náðum ekki að gera það í vetur. En það sem við þurfum að meta næsta vetur er námskráin okkar. Við þurfum ekki að endurgera hana alla en það þarf að fara fram mat henni og teljum við það nóg mat fyrir næsta skólaár. Matsnefnd verður sett á laggirnar og er búið að ákveða að leikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildastjóri, einn starfsmaður á deild og foreldri munu sitja þessa nefnd til að byrja með. Mun þessi hópur búa til verkreglur fyrir hópinn og fara yfir námskránnu næsta vetur og búa til umbótaáætlun fyrir skólann fyrir næstu ár. Einnig verðum við með mat á foreldraviðtölum og deildamat deildanna.

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í maí og þegar þetta skrifað er þeim ekki lokið. Við vorum ekki mikið að afla okkur utanaðkomandi fræðslu heldur nýttum mannauðinn innan hús. Þó fóru deildastjórnarnir okkar á Efi2 námskeið, sérkennslustjóri fór á Tras námskeið. Á starfsdögum tókum við efnivið eða verefni fyrir og ræddum það í hópum. Tókum t.d Lubba, Barnasáttmálann og leiklist. Við notuðum hálfan starfsdag til að heimsækja aðra leikskóla og var mikil ánægja með það hjá starfsfólki og kom það fram í viðtölum að starfsfólk vill gera meira af því. Ætlum við því að setja það á dagskrá næsta vetrar að allir starfsmenn fái tækifæri á að heimsækja annan leikskóla alla vega einu sinni yfir veturinn. Við sjáum eftir veturinn að það er nauðsynlegt að fá fræðslu fyrir stjórnendahópinn í gerð innra mats. Veður það haft að leiðarljósi varðandi fræðslu næsta vetur.

Í starfsþróunarsamtölunum kom fram að starfsfólk hefur áhuga á skyndihjálparnámskeiði og einnig kom fram að starfsfólkið hefur áhuga á fræðslu í sambandi við forvarnir gegn ofbeldi.



8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf skólanna í hverfinu er hægt og rólega að komast á réttan kjöl eftir covid. Elstu börnin hjá okkur fara nokkrum sinnum yfir veturinn í heimsókn í Rimaskóla, þar heimsækja þau t.d íþróttatíma, bókasafnið og fá að mæta á föstudagsfjör. Við heimsækjum einnig frístundarheimilið nokkum sinnum yfir veturinn. Börn úr fjórða bekk Rimaskóla koma svo til okkar á degi íslenskra tungu og lesa og syngja fyrir okkur. Fyrsti bekkur kemur einni sinni í heimsókn til okkar og eru það yfirleitt gamlir nemendur okkar sem koma og er það skemmtileg stund. Það er stefnan hjá leikskólunum í hverfinu að taka aftur upp hittinga með



9 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er í föstum skorðum í Laufskálum. Foreldraviðtöl eru í boði fast tvisvar á ári og nýta flestir foreldrar það tækifæri á að eiga spjall við deildastjóra. Við bjóðum foreldrum í foreldrakaffi tvisvar á ári og opna leiklistarvinastund er á hverri önn. Foreldrafélagið er með piparkökumálunn fyrir jólin. Í vetur tóku nokkrir foreldrar sig til og þrýstu á að garðurinn okkar yrði lagaður.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða

4 september fyrir hádegi opnum skólann kl 12:30,

11 október, allur dagurinn

24.nóvember allur dagurinn sameiginlegur í Grafarvogi

10.janúar eftir hádegi frá kl 12:00,

6.febrúar allur dagurinn sameiginlegur í Grafarvogi

2 apríl allur dagurinn

17. maí. allur dagurinn, sameiginlegur í Grafarvogi

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F		1 S	1 M	1 F	1 F	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 L		2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 S		3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 M	Starfisdagur FH	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 Þ	Álfkonu njóta barna	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 M		6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 F		7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 F	Dagur leiks	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 L		9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 S		10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 M	Starfisdagur	11 L	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 Þ		12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 M		13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 F	Alþingun nýta barna	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 F		15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 S		17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 M		18 L	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 Þ		19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 M		20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 F		21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 F		22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 L		23 M	23 F	23 Þ	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 S		24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 M		25 L	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 Þ		26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 M		27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 F		28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 F		29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 Þ	29 L	29 M
30 L		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 Þ		31 Þ		31 M	31 M		31 S		31 F		31 M



11 Fylgigögn

Framvinduskýrsla Laufskála

Staðan á umbótum út frá ytra mati Menntamálastofnunar 2020.

Svið 1 Leikskólinn og umhverfi hans.

Búið er að greina og fækka einkunnarorðum leikskólans, Nú eru þau þrjú Gleði, Virðing og Opin hugur og var það ákveðið á tveimur fundum með öllu starfsfólki Laufskála. Nú er unnið í því að þau festist í veggjum skólans.

Svið 2. Stjórnun

Við höfum verið að halda á lofti menntastefnunni og höfum við verið að tengt hana við starfið í leikskólanum.

Það er verið að vinna í endurskoðun á skólanámkrá en verður sú vinna ekki kláruð fyrr en á vorönn 2024. Í vetur var skipt um stjórnanda og verðum við því að gefa okkur lengri tíma en við áætluðum. Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra hefur líka tafist vegna breytinga í stjórnendahópnum. Það verður gert þegar búið verður að ráða í stöðurnar.

Búið er að tengja barnasáttmálann við skólastarf í Laufskálum og er það sýnilegt.

Einnig er búið að gera skráningablað fyrir undirbúning deildstjóra og með því er betur hægt að fylgjast með

Ný móttökuáætlun fyrir starfsmenn hefur verið gerð og munum við prufukeyra hana til janúar 2024 og endurmeta hana þá

Svið 3 Uppeldi og menntunarstarf

Við teljum að málörvunin sem áður fór fram við matarborð færist meira inn á deild en áður þegar börn og starfsmenn sátu saman við borð. Á meðan 10 börn eru frammi að borða þá fá hin börnin meiri gæðatíma með kennurum inn á deild.

Skapandi starf er mikið innan leikskólans og fá öll börn tækifæri til þess að skapa á fjölbreyttan hátt. Vísindi er eitthvað sem við þurfum að gera mat á og skoða hvernig við erum að vinna með.

Ritmál hefur verið gert sýnilegt í öllum skólanum.

Mat á námi barnanna, leikskólinn tók þátt í þróunarverkefni allra leikskóla í Austurmiðstöð Reykjavíkur og mun leikskólinn vinna samkvæmt niðurstöðum verkefnisins næsta vetur. Þar er gert ráð fyrir aðkomu barna og foreldra ásamt matsteymi leikskólans.

Foreldrasamvinna og Ytri tengsl

Við höfum haldið áfram að reyna að fá fólk í foreldraráð með lýðræðislegu vali en það hefur ekki gengið vel en við höldum áfram að reyna að fá fólk til að bjóða sig fram.

Upplýsingar til foreldra, nú eru allar upplýsingar komnar í Völuappið sem foreldrar hafa í símanum sínum. Upplýsingar um hvernig þau borða og hversu lengi þau sofa í leikskólanum. Einnig er hægt að setja inn aðrar upplýsingar um börnin. Þarna inni eru líka upplýsingar um matseðill vikunnar.

Þess má geta að heimasíður leikskóla Reykjavíkur hafa verið lagðar niður.

Svið 5 Innra mat

Innra mat hefur verið í endurskoðun í vetur. Við höfum tekið þátt í þróunarverkefni um innra mat í leikskólum. Næsta vetur munum við innleiða niðurstöður þessa þróunarverkefnis í skólanum. Við munum búa til nýja matsnefnd sem skipuð verður starfsfólki og foreldrum. Við höfum reynslu af mati með börnum og munum við halda því áfram í nýju mati skólans.

Vegna þessara vinnu í vetur þá höfum við ekki en gert 3-5 ára áætlun fram í tímann en verður það fyrsta verk matsnefndar að gera það.

Í nýju mati er gert ráð fyrir hvernig kynna eigi niðurstöður til starfsmann og foreldra. Starfsmenn fá kynningu á starfsmannfundi og foreldrar á foreldrafundi að vori.

Nýta kannanir sveitafélagsins, við höfum kynnt niðurstöður fyrir starfsmönnum á starfsmannafundi. Það sem við höfum komið vel út úr þessum könnunum höfum við ekki gefið mikinn tíma í þetta og látið önnur verkefni í forgang.



11.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð er sérstaklega stolt af leiklistaráherslum í starfi Laufskála. Starfið er sýnilegt og áberandi þvert á allt starfið í leikskólanum. Einnig er ánægjulegt að starfsfólk fái að heimsækja aðra leikskóla. Það þarf ekki að fara langt til að fá góðar hugmyndir. Það er áhugavert að starfsfólkið kalli eftir skyndihálparnámskeiði og fræðslu um forvarnir gegn ofbeldi. Forvarnarteymi eru í gangi í öllum grunnskólum og ætti í raun að vera líka í leikskólum. Foreldraráð tekur undir mikilvægi þess að allt starfsfólk fái þjálfun í skyndihjálp og þá fræðslu sem til þarf til að efla forvarnarstarf gegn ofbeldi.

Starfsmannaskortur var ágætlega leystur í vetur, þar sem áhersla var lögð á að fagstarfið fengi sitt rými. Þetta var erfið áskorun sem leikskólinn leysti ágætlega. Það voru einstaka hnökror, sem hægt er að læra af, en á heildina litið var þetta vel leyst. Foreldraráð er ánægt með hvernig stytting vinnuvikunnar hefur verið leyst í Laufskálum. Einnig er ánægjulegt að sjá markvissa vinnu með að láta börnin reyna fyrst sjálf, eins og fram kemur undir liðnum sjálfsefling/valdefling hjá árgöngum 2017 og 2018. Þetta er í takt við leiðsagnarnámið í Rimaskóla þar sem nemendur eru hvattir til að reyna betur, spyrja námsfélaga og biðja svo kennara um aðstoð. Samstarf leikskóla-grunnskóla-frístundar er til fyrirmyndar. Í umbótaráætlun sérkennslu kemur fram að notast eigi við matstæki á öllum börnum leikskólans, ekki einungis þeim sem eru í sérkennslunni. Foreldraráð tekur undir nauðsyn þess að öll börn fari í Tras mat.

Gott að sjá í umbótaáætlun að vilji sé fyrir hendi að efla foreldrasamstarf í víðri mynd. Held að við þurfum að hafa í huga að þótt að niðurstöður könnunarinnar hafi verið þannig að foreldrum finnst þau ekki vera nægilega miklir þátttakendur, þá erum við nýlega búin að aðlagast lífinu eftir Covid. Foreldraráð óskar eftir að leikskólinn hengi upp myndir og nöfn af starfsfólkinu, hvort sem það er í fataklefanum eða hjá hverri deild. Það hafa orðið mikil skipti í starfsmannahópnum og þínu erfitt fyrir leikmann að fylgjast með.

Á heildina litið er foreldraráðið ánægt með starfið, eins og fram kemur í punktunum hér að ofan. Við viljum einnig að það komi fram að foreldrar leikskólans voru dugleg að hafa samband við okkur varðandi t.d. útisvæðið, sem varð til þess að helstu ráðamenn landsins og borgarinnar fengu póst frá okkur varðandi alvarlega stöðu útisvæðis. Það er ánægjulegt að fljótt var brugðist við, en leiðinlegt að börnin okkar þurftu að bíða svona lengi eftir að garðurinn væri tekinn í gegn. Við vorum einnig ánægð með að stjórnendur fengu tækifæri til að hitta barnamálaráðherra og tilvonandi borgastjóra.

Ingunn Margrét Óskarsdóttir

Sunneva Svavarsdóttir

Ágústa Ragna Magnúsdóttir

F. h. leikskólans

Guðrún Rut Bjartmarsdóttir 30.júní 2023

Leikskólastjóri

Dags



